

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### 60. fundur.

að Hlíðavegi 6, 1. september 2005, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Vargeyðing, Ingi Þór og Gunnar Rúnar mæta á fund sveitarstjórnar.
3. Sameining sveitarfélaga. Fyrri umræða um málefnskrá.
4. Slægjunefnd.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Ingigerður Arnljótsdóttir, Böðvar Pétusson.

#### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að 4. mál yrði tekið af dagskrá.

#### 2. Vargeyðing, Ingi Þór og Gunnar Rúnar mæta á fund sveitarstjórnar.

Ingi Þór og Gunnar Rúnar mættu til fundar við sveitarstjórn. Miklar umræður urðu um fyrirkomulag og kostnað við vargeyðingu (refir, minkar og vargfugl). Ljóst er að skiptar skoðanir eru um málið og þá er ekki síst meiningarmunur milli líffræðinga og þeirra sem annast vargeyðingu.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að gangast fyrir fundi í vetrarbyrjun þar sem umhverfisráðherra, þingmenn, forystumenn Samabnds ísl. sveitarfélaga, fulltrúar Umhverfisstofnunar, Ramý o.fl. verði fengnir til viðræðna um vargeyðingu.

#### 3. Sameining sveitarfélaga. Fyrri umræða um málefnskrá.

Eftirfarandi málefnskrá liggur fyrir fundinum:

#### “Málefnskrá

*Vegna atkvæðagreiðslu um sameiningu Aðaldælahrepps, Húsavíkurbæjar, Skútustaðahrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps.*

## **Stjórnsýsla**

### **Sveitarstjórn og skipulag**

Sveitarstjórn skipi 11 sveitarstjórnarfulltrúar. Jafnframt starfi byggðaráð, skipað fimm fulltrúm úr sveitarstjórn.

Starfsemi sveitarfélagsins grundvallist á þremur megin fagsviðum, þ.e. stjórnsýslu- og fjármálasviði, fjölskyldu- og frístundasviði og umhverfis- og tæknisviði. Útfærslu á stjórnsýslunni og verkefni fagsviða má sjá á **meðfylgjandi skipuriti**.

Sveitarstjórn

Sveitarstjóri

Stjórnsýslu- og Fjölskyldu- og Umhverfis- og

Fjármálasvið frístundasvið tæknisvið

Fjármál og bókhald Fræðslumál/skólar Skipulagsmál

Starfsmanna- og launamál Íþróttá- og æskulýðsmál Byggingareftirlit

Innheimta Menningarmál Umsjón fasteigna

Atvinnu, ferða og landbúnaðarmál Félagsþjónusta Samgöngumál

Upplýsingamál Málefni aldraðra Umhverfismál

Þjónusta Barnavernd Áhaldahús

Kynningarmál Vinnskóli Hafnir

### **Stjórnsýslumiðstöð og þjónustuskrifstofur**

Samstarfsnefnd leggur til að stjórnsýslumiðstöð sveitarfélagsins verði á Húsavík og þjónustuskrifstofur á Kópaskeri, Raufarhöfn og í Reykjahlíð. Með þessu skipulagi er tryggt eftir fremsta megni það meginmarkmið við sameininguna að þjónusta haldist í heimabyggð og verði sem aðgengilegust og skilvirkust fyrir íbúana.

Á þjónustuskrifstofunum verður m.a. atvinnuleysisskráning, eyðublöð vegna skatta, húsnæðis og almennra réttinda, umsjón með félagslegu húsnæði, umsjón með lóðamálum/fasteignagjöldum, umsjón með staðbundnum uppákomum og menningarviðburðum. Starfsmenn þjónustuskrifstofanna hafa, auk framangreindra verkefna, það meginhlutverk að vera tengiliðir við stjórnsýslumiðstöð sveitarfélagsins. Þjónustuskrifstofurnar og starfsmenn þeirra vinna jafnframt önnur almenn verkefni fyrir stjórnsýslu sveitarfélagsins eftir því sem skynsamlegt þykir. Á þann hátt verði stjórnsýslan dreifð og sýnt í verki að búseta takmarkar ekki möguleika fólks til að starfa fyrir sveitarfélagið.

### **Íbúalýðræði – rafræn þjónusta**

Samstarfsnefnd telur mikilvægt að í sameinuðu sveitarfélagi verði lögð áhersla á

íbúalýðræði og gagnvirk samskipti. Þjónusta í höfuðstöðvum og á

þjónustuskrifstofum skipta íbúana mestu en að auki verði efnt reglubundið til

íbúapinga og þau haldin annað hvert ár á helstu svæðum sveitarfélagsins. Þar gefist

íbúnum tækifæri til virkar þátttöku í mótun sveitarfélagsins.

Stefnt skal að því að íbúar hafi með sér samtök sem fjalli um hagsmuni ákveðinna

svæða í þeim tilgangi að fylgja eftir staðbundnum áherslum og tryggja framþróun.

Upplýsingamiðlum til íbúanna er einn af grundvallarþáttum samfélagsins. Halda skal

úti öflugri heimasíðu og gefa út fréttabréf reglubundið um starfsemi sveitarfélagsins.

Uppbygging rafrænnar þjónustu skal vera eitt af forgangsatriðum í mótun nýja

sveitarfélagsins og þar verði stuðst við reynslu sem fengist hefur af slíkum

þróunarverkefnum sem þegar eru komin til framkvæmda á landinu og m.a. í

Suðurþingeyjarsýslu.

Með rafrænni þjónustu er í raun verið að að færa þjónustuna nær

íbúunum, sem ekki síst er mikilvægt í jafn víðfeðmu sveitarfélagi og hér um ræðir.

### **Samstarfsverkefni**

Einn af helstu ávinningum sameiningarinnar er að samstarfsverkefni sem hingað til

hafa verið á borði Héraðsnefndar færast til nýja sveitarfélagsins. Safnamál munu þó áfram verða á borði Héraðsnefndar enda eðlilegt að sveitarfélögin á svæðinu beri áfram sameiginlega ábyrgð á þeim menningararfi. Hægt verði að gera þjónustusamninga um félags- og skólaþjónustu við nágrannasveitarfélög sé það hagkvæmt fyrir báða aðila. Í þessari breytingu á fyrirkomulagi verkefna sem nú eru hjá Héraðsnefnd felst fjárhaglegur sparnaður en fyrst og fremst verður ábyrgð á framgangi verkefna skýrari en áður.

### **Rekstur og fjármál**

#### **Reksturinn**

Tafla eitt sýnir samandregnar rekstrarniðurstöður ársins 2004, bæði a og b hluta sveitarfélaganna sjö og samtals. Tekjur eru flokkaðar í skatttekjur, tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar tekjur. Gjöld skiptast í launagjöld, annan rekstrarkostnað, afskriftir og fjármagnsgjöld.

Fjárhæðir eru sýndar bæði í þúsundum króna og miðað við íbúa.

Af samanburðinum sést að rekstur sveitarfélaganna er fremur þungur og fjögur voru rekin með tapi. Mikið tap Húsavíkurbæjar skýrist einkum af reiknaðri hækkun lífeyrisskuldbindinga um 130 milljónir króna á árinu 2004. Búast má við að sú tala verði verulega lægri á árinu 2005. Afskriftir eru 172 milljónir hjá sameinuðu sveitarfélagi þannig að greiðsluafkoma sveitarfélaganna er allt önnur og betri en rekstrarleg afkoma.

Í ljósi reynslunnar er óvarlegt að gera ráð fyrir að sameiningin ein og sér skili umtalsverðum fjárhagslegum sparnaði. Við sameiningu fækkar stjórnendum, sveitarstjórnarmönnum og nefndafulltrúum en breytingunum fylgir einnig kostnaður þegar til skemmri tíma er litið. Þegar frá líður verður reksturinn hins vegar hagkvæmari, stærðar sinnar vegna og jafnframt verða ákvarðanir og pólitísk ábyrgð skýrari þar sem ein sveitarstjórn tekur ákvarðanir sem áður voru teknar af mörgum sveitarstjórnnum. Skjótari ákvarðanataka mun leiða til lækkunar á kostnaði. Þá má búast við að sameinað sveitarfélag geti með sameiginlegum innkaupum náð fram betri kjörum, ekki síst hjá fjármálastofnunum og tryggingafélögum.

Nýta skal kosti rammafjárveitinga í rekstri sveitarfélagsins til að auka rekstrarlega ábyrgð forstöðumanna stofnana. Mikilvægt er að koma upp nýju miðlægu tölvukerfi sem gefi starfsmönnum samstundis upplýsingar um rekstrarstöðu sinna eininga.

#### **Tekjur og gjöld**

Tafla tvö sýnir skatttekjur og gjöld aðalsjóðs sveitarfélaganna hvert fyrir sig og samandregin. Eru þá b-hluta stofnanir svo sem hitaveitur, hafnir og félagslegar íbúðir ekki meðtaldar. Þá hafa lífeyrisskuldbindingar verið teknar út og settar neðst til að skýr mynd fái á raunverulegan rekstur sveitarfélagsins.

Segja má að tekjur sveitarfélaganna séu fremur svipaðar pr. íbúa, sé horft á skatttekjur og fasteignaskatta. Hins vegar hefur Húsavíkurbær verulega lægri tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en hin sveitarfélögin.

Ekki er verulegur munur á álagningaprósentum milli þessara sveitarfélaga eða álögum á íbúa. Áhrifin munu þar af leiðandi verða lítil við samræmingu álaga á svæðinu.

Í töflu 3. má sjá hvernig útgjöld sveitarfélagsins skiptast. Megin þungi útgjaldanna liggur í fræðslu- og uppeldismálum, en rúmlega 53% útgjalda sameinaðs sveitarfélags renna til þessa málaflokks. Þá renna tæp 6% til félagsmála og 10% til íþrótt- og æskulýðsmála.

#### **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

Áhrif sameiningar á framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa verið reiknuð á grundvelli ársreikninga sveitarfélaganna fyrir árið 2004. Samkvæmt því hefur sameining í för með sér lækkun tekjujöfnunarframlaga en hækkun

útgjaldajöfnunarframlaga. Alls eru árleg áhrif sameiningar neikvæð um 5 milljónir króna, samkvæmt matinu. Sameinað sveitarfélag heldur hins vegar óskertum framlögum úr Jöfnunarsjóði á sameiningarári og næstu fjögur rekstrarár þar á eftir. Því má segja að með sameiningu séu tryggðar óskertar tekjur úr Jöfnunarsjóði næstu fjögur ár.

Ljóst er að á þeim tíma munu verða breytingar á úthlutunum sjóðsins, sér í lagi vegna stækkunar sveitarfélaga og þær breytingar geta haft mikil áhrif á þau sveitarfélög sem byggja rekstur sinn að verulegu leyti á tekjum frá sjóðnum. Líklegt er að reglurnar muni verða hagkvæmari fyrir þau sveitarfélög sem hafa sameinast heldur en þau sem kjósa það ekki.

Í kjölfar sameiningar hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita framlög í allt að fimm ár til að þróa stjórnsýslu hins sameinaða sveitarfélags og dæmi er um styrki sem nema tugum milljóna í þessu sambandi.

### **Eignir og skuldir**

Tafla 4 sýnir helstu tölur í efnahagsreikningum sveitarfélaganna. Hið sameinaða sveitarfélag hefur peningalegar eignir upp á 294 þúsund á hvern íbúa en skuldir uppá 1.020 þúsund eða 839 þúsund án lífeyrisskuldbindinga. Ef litið er til allra eigna sveitarfélaganna þá er heildareign þeirra um 592 þúsund krónur per íbúa umfram skuldir.

Skuldir Húsavíkurbæjar vega þungt í heildarskuldum sveitarfélagsins en tölurnar innifela einnig skuldir Orkuveitu Húsavíkur eru. Á móti koma verulegar eignir Orkuveitunnar og ljóst að hún væri bæði seljanleg og verðmæt. Samstarfsnefnd leggur áherslu á að ekki eru áform um sölu á eignarhluta sveitarfélagsins í veitunni, komi til sameiningar. Þess í stað verði hún notuð enn frekar í því augnamiði að nýta þá möguleika sem frekari orkuvinnsla á svæðinu gefur.

Annar íþyngjandi þáttur í rekstri Húsavíkurbæjar er rekstur á félagslegum íbúðum en hækkandi eignaverð eykur möguleika sveitarfélagsins til að losa um þær skuldbindingar með sölu á íbúðunum án taps fyrir sveitarfélagið. Þá er einnig unnið að því að losa Raufarhafnarhrepp úr rekstri félagslegra íbúða en rekstur þeirra hefur verið verulegur baggi. Varasjóður húsnaðislána leggur til framlag allt að 90% af því sem vantar uppá söluverð íbúða til að standa undir eftirstöðvum lána.

### **Fjölskyldumál**

#### **Leikskólar**

Í sveitarfélögunum eru reknir sjö leikskólar, þ.e. á Raufarhöfn, á Kópaskeri, í Lundi, tveir á Húsavík, í Aðaldal og Mývatnssveit. Samstarfsnefnd leggur áherslu á að öll börn í sveitarfélaginu eigi kost á leikskólagöngu og að bæði verði leikskólarnir starfræktir áfram á núverandi stöðum og að valfrelsi foreldra um hvar börnin ganga í leikskóla verði aukið þar sem því verður við komið. Jafnframt því sem leikskólarnir færast undir eina yfirstjórn verði áhersla lögð á að hlúa að séreinkennum hvers skóla um sig.

#### **Grunnskólar**

Við sameiningu sveitarfélaganna starfa eftirtaldir grunnskólar á svæðinu:

Grunnskóli Raufarhafnar 50 börn

Öxarfjarðarskóli á Kópaskeri 23 börn

Öxarfjarðarskóli í Lundi 50 börn

Borgarhólsskóli 384 börn

Hafralækjarskóli 80 börn

Reykjahlíðarskóli 79 börn

Samstarfsnefnd er sammála um að líta beri á kröftugt grunnskólastarf sem grunnþátt í starfsemi sameinaðs sveitarfélags. Við sameiningu sveitarfélaganna skuli ekki gerð

breyting á starfi skólanna á þann hátt að dregið verði úr þjónustu þeirra heldur þvert á móti leitað leiða til að efla skólastarfið eftir föngum. Skólarnir starfi á núverandi stöðum og halda ber í sérkenni þeirra, auk þess sem foreldrum verður gefinn kostur á að velja um hvar börn þeirra ganga í skóla innan sveitarfélagsins þar sem því verður við komið. Mestu skipir þó um framgang skólastarfs í sameinaða sveitarfélaginu hver íbúapróun á svæðinu verður almennt á næstu árum.

Við hvert skólahverfi verður starfandi skólanefnd sem tekur yfir starfsemi, dagvistunar, grunnskóla og tónlistaskóla. Þær nefndir heyra svo undir fræðslunefnd. Með tilkomu eins rekstraraðila að baki skólunum fimm skapast tækifæri til hagræðingar í rekstri og samstarfs milli skólanna sem ber að nýta sem best.

### **Tónlistarskólar**

Mikill vöxtur hefur verið í tónlistarkennslu í sveitarfélögunum á undangengnum árum og verður að telja tónlistina eina af helstu skraufjöðrum svæðisins í menningar- og skólastarfi. Eftirtaldir tónlistarskólar starfa á svæðinu:

Tónlistarskóli Raufarhafnar 19 nemendur

Tónlistarskóli Öxarfjarðar 37 nemendur

Tónlistarskóli Húsavíkur 300 nemendur

Tónlistarskólinn á Hafralæk 60 nemendur

Tónlistarskólinn í Mývatnssveit 40 nemendur

Samstarfsnefnd telur að með auknu samstarfi milli tónlistarskólanna, sem skapast með sameiginlegri yfirstjórn, verði hægt að auka fjölbreytni í þjónustu skólanna og sveigjanleika fyrir bæði starfsfólk og nemendur. Með því móti verði hægt að standa hér eftir sem hingað til myndarlega að uppbyggingu tónlistarkennslu.

### **Framhaldsnám**

Innan sveitarfélagsins er starfræktur einn framhaldsskóli, Framhaldsskólinn á Húsavík. Nemendur eru um 150 og útskriftast 15-30 nemendur úr skólanum árlega. Samstarfsnefnd telur mikilvægt að í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna verði gert átak í kynningu skólans í þeim tilgangi að laða að skólanum fleiri nemendur utan Húsavíkur. Nauðsynlegt er að m.a. að knýja á um uppbyggingu heimavistar við skólann, efla fjarnám og kynna skólann almennt sem framsækinn skóla og raunhæfan valkost til framhaldsnáms í heimahéraði. Huga skal áfrmhaldandi samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.

### **Félags- og skólaþjónusta**

Við sameiningu sveitarfélaganna er lagt til að félags- og skólaþjónusta, sem rekin er sem samstarfsverkefni á vegum Héraðsnefndar, verði yfirtekin af sameinuðu sveitarfélagi og heyri undir fjölskyldu- og frístundasvið.

### **Íþrótt- og æskulýðsmál**

#### **Sundlaugar og íþróttahús**

Í sameinuðu sveitarfélagi eru sex íþróttahús og sex sundlaugar, auk frjálsíþróttavalla og íþróttastöðu í eigu annarra en með rekstrarstuðningi frá sveitarfélögunum. Sameinað sveitarfélag skal nýta kosti íþróttafélaga á svæðinu sem best til að halda uppi öflugum íþróttastarfi og styðja félögin fjárhagslega og með uppbyggingu mannvirkja. Með því móti verði bæði stutt við bak keppnisíþrótt og einnig almenna íþróttaiðkun.

Í boði skal vera sundkort sem gildir í allar sundlaugar í sveitarfélaginu.

#### **Félagsmiðstöðvar**

Félagsmiðstöðvar eru nú reknar á Raufarhöfn, Kópaskeri og Húsavík, auk þess sem félagsstarf fyrir unglunga er skipulagt víðar í tengslum við starf grunnskólanna. Halda ber þessu starfi áfram og leggja áherslu á frekari og fjölbreyttari uppbyggingu á þessu sviði.

### **Vinnuskóli**

Vinnuskólar eru reknir í flestum sveitarfélögum en með mismunandi vinnutíma og aldursflokkum. Í sameinuðu sveitarfélagi verði rekinn svæðaskipur vinnuskóli sem leggur áherslu á verðug verkefni og fræðslu um atvinnulífið og umhverfið. Sem flestum unglingum í sveitarfélaginu gefist kostur á að starfa við hann.

### **Forvarnir**

Forvarnarstarf í sameinuðu sveitarfélagi heyrir undir félags- og skólaþjónustu sveitarfélagsins. Náið samstarf skal hafa við skólanna um öflugt starf og fræðslu á þessu sviði enda markmið í sameinuðu sveitarfélagi að stuðla að heilbrigðu umhverfi, ekki síst fyrir börn og unglinga.

### **Meningarmál**

#### **Félagsheimili**

Í sameinuðu sveitarfélagi eru sjö félagsheimili, ýmist í eigu sveitarfélaganna eða í sameign á móti félagasamtökum. Sveitarfélaginu ber að stuðla að fjölbreyttu starfi í félagsheimilunum og lagt er til að rekstur einstakra húsa verði sérhæfður þar sem því verður við komið, t.d. fyrir leiklist, tónlistarflutning eða aðra starfsemi. Skoða ber hvort möguleiki er á leigu eða sölu einhverra af húsunum.

#### **Stuðningur við frjáls félagasamtök**

Frjáls félagasamtök eru mikilvæg hverju samfélagi og öflugt starf á þeirra vegum, hvort heldur um er að ræða kvenfélög, ungmennafélög, skátastarf, leikklúbba, kórastarf eða líknarmálefni. Samstarfsnefnd leggur til að sameinað sveitarfélag styði við bak félagasamtaka svo sem verið hefur og að hlúð verði að slíku grasrótastarfi, samfélaginu öllu til hagsbóta.

### **Öldrunarmál - Heilsugæsla - Jafnfréttismál**

#### **Öldrunarmál**

Samstarfsnefnd leggur áherslu á að í sameinuðu sveitarfélagi beri að leggja metnað í að gera eldri borgunum kleift að búa sem lengst heima hjá sér og bjóða þjónustu sem samræmist þessu markmiði. Að sama skapi þarf að gæta þess að þeim sem ekki geta lengur haldið heimili standa aðrar lausnir til boða.

Í sveitarfélögum sjö er veitt góð þjónusta fyrir aldraða og mikilvægt að hún skerðist ekki við sameininguna heldur eflist.

#### **Heilbrigðismál**

Öflug heilbrigðisþjónusta er meðal mikilvægustu grunnþátta samfélagsins og ber sameinuðu sveitarfélagi að standa vörð um að halda þeirri þjónustu sem til staðar er og hafa áhrif til eflingar henni. Meðal annars þarf að taka tillit til aukningar á fólksfjölda á svæðinu að sumarlagi við skipulagningu heilsugæslunnar.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga rekur m.a. heilsugæslustöðvar á Húsavík, Raufarhöfn, Kópaskeri, í Mývatnssveit og sjúkrahús á Húsavík.

#### **Jafnréttisstefna**

Sameinað sveitarfélag marki sér framsækna jafnréttisstefnu.

#### **Atvinnumál**

Líta ber á sveitarfélagið sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði og að yfirstjórn sveitarfélagsins vinni að uppbyggingu atvinnumála út frá því. Grundvallaratriði er að skapa íbúum sem best búsetuskilyrði í sveitarfélaginu til að þeir vilji búa þar og starfa. Með sameiningu sveitarfélaganna í eitt verður unnt að búa sterkara umhverfi að baki atvinnugreinum í sveitarfélaginu og sér í lagi sterkara afl gagnvart hagsmunamálum atvinnugreinanna út á við. Auk þess verður það mikilvert hlutverk sveitarfélagsins að kynna sveitarfélagið sem áhugaverðan kost til atvinnuuppbyggingar.

#### **Sjávarútvegur**

Sjávarútvegur verður ein helsta stoð atvinnulífs í sveitarfélaginu. Auk þess að skapa

sjávarútvegi viðunandi starfsskilyrði skal sveitarfélagið beita sér fyrir að svæðið haldi eða auki hlut sinn í veiðum og vinnslu sjávarafurða. Byggðakvóta verður áfram úthlutað á byggðir enda hefur sameining engin áhrif á rétt einstakra byggðakjarna til byggðakvóta að óbreyttum lögum samkvæmt formlegu svari frá Sjávarútvegsráðuneytinu til samstarfsnefndarinnar.

### **Landbúnaður**

Landbúnaður hefur alla tíð verið burðarás í mörgum þeirra sveitarfélaga sem þátt taka í sameiningarkosningunni. Móta skal heildstæða stefnu í landbúnaðarmálum fyrir sveitarfélagið og marka þar áherslur á einstökum svæðum innan þess. Halda skal áfram þeim verkefnum sem unnið er að við uppgræðslu lands, bæði í þeim tilgangi að endurheimta landgæði og tryggja að bændur geti fengið framleiðslu sína gæðavottaða. Fjallskil og fjallskiladeildir skulu vera áfram með sama hætti og verið hefur.

### **Ferðaþjónusta**

Ferðaþjónusta á svæðinu er öflug og framsækin, eins og glögg má sjá á árangri þingeyskra ferðaþjónustufyrirtækja og orðspori þeirra út um allan heim. Sameinað sveitarfélag styður best við ferðaþjónustuna með því að taka höndum saman við hana um öfluga kynningu á þeirri afþreyingu sem svæðið hefur að bjóða. Gæta þarf þess einnig að aðalskipulag sveitarfélagsins haldist í hendur við uppbyggingu ferðaþjónustunnar á einstökum svæðum.

### **Atvinnunýsköpun – orkufrekar iðnaður**

Eitt helsta tækifæri sameinaðs sveitarfélags til atvinnunýsköpunar er nýting á heimavelli á þeirri miklu orku sem er að finna á svæðinu. Með stærra sveitarfélagi verður meiri slagkraftur til að laða fjárfesta til svæðisins sem áhuga kunna að hafa á nýtingu þingeyskrar orku. Það hlýtur því að vera eitt af markmiðum með sameiningunni að skerpa á þessari sókn til atvinnusköpunar.

### **Umhverfismál - skipulagsmál**

Marka þarf sveitarfélaginu stefnu í umhverfismálum með það að markmiði að sveitarfélagið sjálft verði íbúum hvatning til að huga vel að þessum mikilvæga málaflokki. Í senn þarf að tryggja vörslu náttúruauðlinda svæðisins jafnt sem nýtingu þeirra.

### **Sorpmál**

Sameinað sveitarfélag verður stærsti aðili að Sorpsamlagi Þingeyinga og mun það bera ábyrgð á sorphirðu og sorpförgun í sveitarfélaginu. Sorp verður tekið hjá íbúum með sömu tíðni og verið hefur en mikilvægt er að sveitarfélagið stuðli að aukinni jarðgerð á heimilum og öðrum þeim lausnum sem dregið geta úr sorpmagni.

### **Refa- og minkaveiðar, vargeyðing**

Kostnaður við refa- og minkaveiðar hefur verið vaxandi í flestum sveitarfélaganna á undanförunum árum. Samstarfsnefnd er sammála um að taka verði þennan málaflokk áfram föstum tókum eftir sameiningu í eitt sveitarfélag þannig að þessum vágestum verði haldið í lágmarki.

### **Skipulagsmál**

Ráðast skal í gerð nýs aðalskipulags við sameiningu sem taki til alls sveitarfélagsins. Aðalskipulag er leiðandi um þróun og uppbyggingu sveitarfélagsins á komandi árum og því mikilvægt að gerð þess verði lokið sem fyrst.

### **Samgöngumál og fleira**

#### **Hafnir**

Allar hafnir sveitarfélagsins verða færðar undir eina stjórn en starfsmenn verða fyrir hafnirnar á hverjum stað. Tryggja þarf frumkvæði heimamanna við nýtingu hafnanna og hlú að sérstöðu þeirra t.d. þjónustu við uppsjárskip á Raufarhöfn. Mikilvægt er

að markvisst verði unnið að aukinni nýtingu hafnana.

### **Vegasamgöngur**

Vegasamgöngur eru einn af mikilvægustu þáttum íbúanna og þó málaflokkurinn sé ekki með beinum hætti á borði sveitarfélaganna er ljóst að sá þau hafa mikið að segja um forgang og áherslur í uppbyggingu.

Sameinað sveitarfélag skal berjast fyrir bættri veltengingu frá Sveltingi til Raufarhafnar og fylgja eftir uppbyggingu Dettifossvegar sem og Kísilvegur, sem er framfaraspor fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Nýta þarf áhrifavald sveitarfélagsins til að knýja á um gerð Vaðlaheiðarganga.

Veita skal góða samræmda þjónustu í snjómokstri, samræma reglur um mokstur heimreiða í dreifbýli og snjómokstur í þéttbýli.

### **Fjarskiptamál**

Til að tryggja sem besta rafræna þjónustu sveitarfélagsins við íbúana er nauðsynlegt að gerðar verðir úrbætur í fjarskiptamálum. Sameinað sveitarfélag skal vinna að því að öllum íbúum verði tryggt háhraða tölvusamband og að GSM samband verði bætt á öllu svæðinu, frá því sem nú er.

### **Flugsamgöngur**

Fjórir flugvellir eru innan sameinaðs sveitarfélags, sem fyrst og fremst þjóna sjúkraflugi en að hluta ferðaþjónsutu. Leggja þarf áherslu á við samgönguyfirvöld að öllum völlum verði vel við haldið, jafnframt því sem áfram skal þrýst á um að Húsavíkflugvöllur verði nýttur til innanlandsflugs.

### **Áhaldahús**

Áhaldahús eru nú rekin á Raufarhöfn, Kópaskeri, í Mývatnssveit og á Húsavík. Rekstur þeirra verður sameinaður undir eina stjórn og með því bætt nýting tækja og starfsfólks.

### **Slökkvilið**

Við sameiningu sveitarfélaganna verða öll slökkvilið færð undir eina stjórn og einn slökkviliðsstjóra. Starfsstöðvar liðsins verði á Húsavík, Aðaldal, Raufarhöfn, á Kópaskeri og í Reykjahlíð.

Ein almannavarnarnefnd starfar áfram fyrir báðar sýslurnar.

### **Veitumál**

Lagt er til að sveitarfélagið vinni að því að koma fráveitum í þéttbýli í viðunandi horf. Átak verði gert í því að tryggja að fullnægjandi rotþrær verði við alla bæi í dreifbýli. Sameinað sveitarfélag tekur yfir rekstur allra þeirra hita- og vatnsveitna sem eru að fullu í eigu sveitarfélaganna sjö. Jafnframt tekur sameinað sveitarfélag við eignarhlutum í veitum sem eru í sameign með öðrum. Þjónusta og gjaldskrár verða samræmdar, að svo miklu leyti sem unnt er. Stefnt skal að því að sem flestir íbúar sveitarfélagsins eigi kost á að tengjast hitaveitu.”

Nokkrar umræður urðu um málið og ákveðið að vísa málefnskránni til annarar umræðu. Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við málefnskrána á þessu stigi.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Kristján Stefánsson,  
Ingigerður Arnljótsdóttir,  
Böðvar Pétusson.